

Borgarráð 23.8.'18: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um verkbókhald á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara - R18080137

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja til að borgarráð samþykki að tekin verði upp sú meginregla á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara að nýta verkbókhald til að fylgjast með kostnaðarþróun verkefna. Tillagan er lögð fram í ljósi þeirra fyrirspurna sem lagðar hafa verið fram um einstök verkefni á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara sem ekki var unnt að svara vegna þess að ekki hefur verið haldið verkbókhald og því ekki hægt að sýna fram á kostnað við einstök verkefni. Sums staðar í borgarkerfinu er þetta gert nú þegar en mikilvægt er að innleiða þetta á fleiri stöðum og gera að almennri reglu svo stjórnsýslan verði skilvirkari og gagnsærri.